

Fundargerð

Fundur var haldinn í Hverfaráði Bakkafjarðar miðvikudaginn 14. október 2020 kl. 16:00 á skrifstofu sveitarfélagsins að Skólagötu 5, Bakkafirði.

Mættir voru Gunnlaugur Steinarsson, formaður, Freydís Sjöfn Magnúsdóttir, Rósa Björk Magnúsdóttir, Áki Guðmundsson og Jónas Egilsson. Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Farið yfir tillögur að verkefnum á Bakkafirði fyrir árið 2021:

Formaður fór yfir verkefni sem hann lagði áherslu að farið væri í, sem aðrir nefndarmenn tóku undir, auk þess sem þeir bættu við fleiri atriðum. Verkefnin voru eftirfarandi:

- Bæta umgengni á hafnarsvæðinu sem ekki er í samkvæmt reglum Langanesbyggðar.
- Skipta um fríholt á löndunarbryggju og koma fríholtum á gömlu flotbryggjuna
- Lagfæra vita á hafnargörðum
- Lýsa hafnargarðana
- Bæta umgengni við ruslagámana á hafnarsvæðinu
- Ekki leyfa losun á rusli þar sem áramótabrenna er
- Leggja klæðningu á Kötlunesveg, út að afleggjaranum að Steintúni
- Tengja tangann upp frá gömlu höfninni með stígagerð inn í þorpið og leggja gangstéttir með götum bæjarins
- Fjölga rafmagnstenglum og bæta rafmagnsflutning á tjaldsvæði. Auk þess að leggja malarstíga fyrir bíla þannig að umferð bíla inn á svæðið valdi ekki tjóni á svæðinu.
- Hafa samband við eigendur þeirra fasteigna þar sem talin er hætta á foki og hruni. Lögð verði áhersla á að þær fasteignir verði lagfærðar eða rifnar, eins og t.d. Bergholt, fjárhús við Lindabrekku og fjárhús á Kötlunesi.
- Láta fjarlægja eða lagfæra girðingu á Kötlunesi. Fjarlægja bát, heyrúllur, rusl við gömlu fiskhjallana og annað rusl á nesinu.
- Yfirfara leiktæki, girðingu og lóð þar sem leikskólinn var
- Hreinsa gróður af gangstéttum og götum
- Lagfæra og koma upp sorpkössum á ljósastaura, sem tæmdir væru reglulega
- Beina því til eigenda bílhræja að þau verði fjarlægð
- Senda út bréf til íbúa og notenda hafnarsvæðisins varðandi bættu umgengni í þorpinu á svæðinu utan við þorpið og á hafnarsvæðinu.

Sveitarstjóri greindi frá því að sveitarfélagið hefði leyst til sín Bergholt og hyggðist rífa fremri hluta hússins. Eldri hluti hússins sem væri um 100 ára yrði framseldur fyrirtæki í eigu Bakkfirðinga. En áhugi er fyrir því að gera húsið upp. Þá væru hafnar viðræður við fulltrúa Vopnafjarðarhrepps um sorpmál, sem byggði á því að urðun sorps verði hætt m.a. á Bakkafirði. Samið hefur verið við Bergþór Ólafsson um söfnun á plasti og koma því í endurvinnslu.

Sveitarstjóri mun ræða við forstöðumann Þjónustumiðstöðvar um að hann fari með fulltrúa úr Hverfisráði um Bakkafjörð. Þar verði farið yfir verkefni sem starfsmenn Þjónustumiðstöðvar leysi af hendi.

2. Samfélagssáttmáli drög kynnt á fundinum:

Sveitarstjóri fór yfir fyrstu drög sem unnin hafa verið um gerð samfélagssáttmála.

Samfélagssáttmálinn byggir á tillögu sem ráðherraskipuð nefnd lagði fram í nóvember 2018.

Sáttmálinn byggir á samkomulagi milli sveitarfélagsins, íbúasamtaka Bakkafjarðar og ríkisins sem taki til þjónustu og umhverfismála.

Gert er ráð fyrir að fulltrúar sveitarstjórnar, hverfisráðs og ríkisins skrifi undir sáttmálann þegar hann liggur fyrir. Þá verði sáttmálinn kynntur verkefnisstjórn Betri Bakkafjarðar.

3. Önnur mál:

Samþykkt að halda næsta fund um samfélagssáttmálann að tveimur vikum liðnum.

Fleira var ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 17:25

Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari